

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2003/80/EB

frá 5. september 2003

um að taka upp táknið sem sýnir geymsluþol snyrtivara í VIII. viðauka a við tilskipun ráðsins 76/768/EBE

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 76/768/EBE frá 27. júlí 1976 um samræmingu laga aðildarríkjanna um snyrtivörur⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/15/EB⁽²⁾,

með hliðsjón af tilskipun 2003/15/EB, einkum 11. mgr. 1. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Til að bæta upplýsingar til neytenda skal tilgreina geymsluþol af meiri nákvæmni á snyrtivörum.
- 2) Þegar um er að ræða snyrtivörur sem hafa 30 mánaða geymsluþol eða meira skal tilgreina tímabilið sem neytandi getur notað vöruna, sér að skaðlausu, eftir að umbúðirnar hafa verið opnaðar.
- 3) Í þessu skyni er kveðið á um það í c-lið 1. mgr. 6. gr. tilskipunar ráðsins 76/768/EBE að nota skuli táknið og tilgreina þar á eftir fyrrgreint tímabil (í mánuðum og/eða árum).
- 4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um snyrtivörur.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

VIII. viðauki a við tilskipun 76/768/EBE skal hafa að geyma táknið sem birtist í viðaukanum við þessa tilskipun.

2. gr.

Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórn-sýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 11. september 2004. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða og samsvörunar-töflu milli viðkomandi ákvæða og þessarar tilskipunar.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

*3. gr.*Tilskipun þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.*4. gr.*

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 5. september 2003.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Erkki LIIKANEN

framkvæmdastjóri.⁽¹⁾ Stj.útd. EB L 262, 27.9.1976, bls. 169.⁽²⁾ Stj.útd. EB L 66, 11.3.2003, bls. 26.

VIÐAUKI

Tákn fyrir opna kremkrukku eins og kveðið er á um í c-lið 1. mgr. 6. gr. tilskipunar ráðsins 76/768/EBE ⁽¹⁾.



⁽¹⁾ Stjtið. EB L 262, 27.9.1976, bls. 169. Tilskipuninni var síðast breytt með 3. mgr. 1. gr. tilskipunar 2003/15/EB.